

131. fundur

Skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms haldinn þriðjudaginn 1. september 2009 kl. 17:00 á fundaraðstöðu skólans.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra
2. Önnur mál

Mætt voru: Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Daði Jóhannesson og Sigurborg Sturludóttir.

1. Jóhanna fór yfir nýtingu skólahúsnæðisins eftir að grunnskólinn flutti að Borgarbraut.

Umsóknir þetta skólaárið eru 122 þ.a. eru átta nemendur í einu og hálfu námi. Átta eru á biðlista.

Tilraunaverkefni verður í vetur hjá Hólmsfríði en ákveðið var að bjóða upp á unglिंगadeild í söngnámi (30 mín. einkatími + 30 mín. samsöngur). Gjaldið verður eins og fyrir hljóðfæranám.

Farið var yfir skóladagatal næsta kennsluárs. Lagt er til að skólaslit verði á Uppstigningardag eða 13. maí, skólaárið verður því 35 vikur. Í skoðun er hvernig nýta megi starfsdaga á skólaárinu og hvort nýta megi tvo þeirra í þágu nemenda.

Verið er að uppfæra skólanámskrána á netinu og einnig upplýsingabækling sem sendur hefur verið heim á haustönn. Ný heimasíða er í smíðum.

Í byrjun sumars komu fyrstu teikningar af væntanlegri stækkun grunnskólans og tónlistarskólans og skipuð hefur verið byggingarnefnd.

2. Ákveðið hefur verið að hafa fundi nefndarinnar á þriðjudögum kl. 17 eftir þörfum.

Fundi slitið kl. 18.00.

Daði Jóhannesson (sign.),
Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.),
Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.),
Sigurborg Sturludóttir (sign.).